



Semilla

Hjálpræðishersflokkur og skólasetur
Cotui, Moca og Tres Brazos í Dóminíska lýðveldinu



FABU

Frelsesarmeens barn og unge

Próunaraðstoðarsunnudagur FAbU 2024 er 28. janúar.

Próunaraðstoðarverkefni FAbU tímabilið 2024-2025, er Semilla.

Á þessu tímabili er markmiðið að safna 250.000 norskum krónum fyrir þrjá flokka og skóla Hjálpræðishersins í Dóminíska Lýðveldinu.

Við vonum að þið fáið mörg börn og unglinga í flokknum til að taka þátt í verkefninu.



Próunaraðstoðarsunnudagurinn er 28. janúar, en ef aðrar dagsetningar henta betur er það auðvitað í lagi.

Kynningarefni fyrir verkefnið og efni fyrir guðspjónustuna verður aðgengilegt á FAbU.no

Þar verður efni sem er hægt að nota til að kynna verkefnið á samkomum, hagnýtar upplýsingar um söfnunina, plaköt og grafískt efni til að nota á samfélagsmiðlum.

Hvað er Semilla?

Semilla er heiti verkefnisins sem FAbU safnar peningum fyrir, í þremur Hjálpræðishers flokkum og skólum í Dóminíska lýðveldinu.

Markmið verkefnisins eru að börn og unglingar í nærsamfélaginu fái að kynna Guði, fái góða næringu, góðan faglegan stuðning og stöðuga menntun.



Þetta er skóli þar sem boðið er upp á mat, aðstoð við heimanám og kennslu m.a. í ensku. Þar er einnig sunnudagaskóli. Þetta býður upp á jákvætt samfélag, þar sem börnin læra sjálfstæði, samvinnu og samskipti.

Semilla er spænska og þýðir fræ. Fræið er táknið um spírun og vöxt. Skóli, menntun og rétt næring eru mikilvægir þættir í vexti og þroska barna og unglinga.

Þemað passar einnig vel við þróunaraðstoðarsunnudaginn, 28. janúar, sem árið 2024 er á sama degi og sáðmannssunnudagurinn.

Bakgrunnur verkefnisins

Hjálpræðisherinn í Noregi, Íslandi og Færeyjum hefur stutt börn og unglinga í Dóminíska Lýðveldinu í mörg ár í gegnum stuðningsforeldrakerfið.

Mörg börn og unglingar í Dóminíska Lýðveldinu koma af mjög tekjulágum heimilum og mörg þeirra eru vannærð.



Hjálpræðisherinn í Dóminíska Lýðveldinu reiknar með að um 40-60% barna sem koma í starf Hjálpræðishersins séu vannærð.

Þetta hefur áhrif á möguleika þeirra til að taka virkan þátt í skólanum og að fylgjast með kennslunni.



Í hvað fer styrkurinn?

Með verkefninu Semilla, getur FAbU tekið þátt í að styrkja starf fyrir börn og unglinga í þremur flokkum Hjálpræðishersins og skólum í Cotui, Moca og Tres Brazos.



Þingarnir sem safnast inn nýtast meðal annars til að bjóða upp á næringarríkan mat, í kennslu, námsgögn, daglegan rekstur og fleira.

Auk þess nýtast peningarnir til að viðhalda góðu starfi til að ýta undir þroska og ánægju, í gegnum til dæmis íþróttir, viðburði og skapandi greinar.